



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: **Áframhaldandi starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar**

Lagt er til að starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar verði fram haldið innan Virkni húss að loknu tilraunaverkefni sem rennur út 30. apríl 2024. Áætlaður kostnaður við að halda verkefninu áfram út árið 2024 er 46,7 m.kr. (1. maí – 31. des. 2024). Áætlaður heildarkostnaður á ári eftir það er 70 m.kr. Kostnaður rúmast innan fjárheimilda bundinna liða.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 1. nóvember 2023 var lagt fram minnisblað um starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar Reykjavíkurborgar sem og skýrsla verkefnastjóra um starfsemina á tímabilinu 1. maí 2022 - 30. apríl 2023 (fylgiskjal 1 og 2).

Svohljóðandi tillaga velferðarráðs var samþykkt :

Sviðsstjóra er falið að vinna kostnaðarmetna tillögu að áframhaldandi starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar út frá þeirri reynslu sem hefur skapast og í samráði við stýrihóp um mótun virknistefnu. Skoða skal sérstaklega samspil endurhæfingarúrræða velferðarsviðs í því samhengi. Gert er ráð fyrir að starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar verði áfram innan Virkni húss og skoða mætti að sameina alla atvinnuráðgjöf Reykjavíkur á einn stað.

Af þeim 267 einstaklingum sem nutu þjónustu Atvinnu- og virknimiðlunar (AVM) á tímabilinu 1. maí 2022 til 30. apríl 2023 var í lok tímabilsins 141 einstaklingur sem ekki fékk lengur fjárhagsaðstoð til framfærslu eða um 53% hópsins. Af þeim 54 sem fengu vinnu voru 43 enn í vinnu í lok tímabilsins eða tæp 80%. Frá 1. maí 2023 til 31. október 2023 hafa 45 einstaklingar fengið vinnu með aðstoð frá AVM og markmiðið er að 80 einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu verði komnir í vinnu fyrir lok apríl 2024.

Fjárhagslegur ábati af starfsemi AVM við að aðstoða einstaklinga, sem þurfa að reiða sig á fjárhagsaðstoð, aftur til vinnu nam á tímabilinu 1. maí 2022 - 30. apríl 2023 tæpum 33 m.kr., að teknu tilliti til alls kostnaðar; launa, rekstrar og starfsþjálfunarsamninga. Til grundvallar útreikninga er fjárhæð fjárhagsaðstoðar sem hefði verið greidd á tímabilinu til nefndra einstaklinga að frádregnum rekstrarkostnaði AVM. Innan Virkni húss hefur orðið samþætting á atvinnuúrræðum þ.e. IPS (Individual Placement Support) og AVM. Eins hefur Tinna¹ tekið yfir

¹ Markmið með TINNU er að efla og styrkja einstæða foreldra á aldrinum 18-34 ára í uppeldishlutverki sínu auk þess að stuðla að bættum lífsgæðum fjölskyldunnar. Áhersla er á sjálfsstyrkingu, aukna félagslega færni og almenna virkni og þátttöku í samfélaginu, s.s virkni, vinnu eða námi.



verkefni Kvennasmiðjunnar. Stöðugt er verið að leita leiða til aðlaga þjónustuna að þörfum hverju sinni.

Í tillögu velferðarráðs kemur fram að skoða mætti að sameina alla atvinnuráðgjöf Reykjavíkur á einn stað. Í dag er aðstoð við atvinnuleit á nokkrum stöðum hjá Reykjavíkurborg en starfsmenn borgarinnar veita bæði einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu sem og örorkulífeyri atvinnuráðgjöf. Atvinnuráðgjöfin er veitt til einstaklinga sem eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu og /eða fá örorkulífeyri.

Eftirtaldir aðilar veita atvinnuráðgjöf innan Reykjavíkurborgar:

- Virkniús (AVM og IPS atvinnuráðgjöf) sem aðstoðar vinnufæra einstaklinga á aldrinum 18-66 ára sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu til atvinnuþátttöku, með útvegum starfa og tengslum við atvinnulífið. Auk þess veitir Virkniús einstaklingsráðgjöf og námskeið. Innan Virkniúss eru auk þess úrræðin Grettistak,²Tinna og Ella³.
- Hitt - húsið, miðstöð ungs fólks á aldrinum 16 – 25 ára og er m.a. vettvangur fyrir félagsleg úrræði og ráðgjöf m.a. atvinnuráðgjöf.
- Virknimiðstöð Reykjavíkur, sem veitir virknimiðaða stoðþjónustu fyrir fatlað fólk. Virknimiðstöðin samanstendur af løjubergi, Smiðjunni-Gylfaflöt og Ópus. Þeim einstaklingum sem sækja þjónustu á þessa staði stendur til boða virkni, afþreying og stuðningur til að sækja nám og/eða atvinnu á almennan vinnumarkað. Undir Virknimiðstöðina heyra einnig SmíRey – smíðastofa; Smírey – kaffi; Klúbbhúsið – tónlistarhús; Sérsvæitin – vinnuflokkur og Árholt – áningastaður í gönguleið. Þjónustan miðar að því að koma til móts við óskir, þarfir og getu hvers og eins. Lögð er áhersla á fjölbreytni og sveigjanleika í þjónustu Virknimiðstöðvarinnar. Vinnumálastofnun metur hvort einstaklingar geti nýtt sér atvinnu með stuðningi, sem Vinnumálastofnun sér um, eða virknimiðaða stoðþjónustu sveitarfélaga eða félagasamtaka.

Önnur verkefni velferðarsviðs sem fela í sér að stuðla að atvinnuþátttöku, virkni eða námi eru Tinna, Grettistak, Ella, sem áður er getið og geðteymi Reykjavíkurborgar, sem heyrir undir skrifstofu um málefni fatlaðs fólks á velferðarsviði⁴.

Auk þess veitir Fjölsmiðjan atvinnuráðgjöf og stuðning til virkni og náms. Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun með það markmið að starfrækja verkþjálfunar-, framleiðslu- og fræðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára. Sömuleiðis eiga 25 ára og eldri aðgang að Fjölsmiðjunni ef þau hafa sérstaka þörf á því sviði. Velferðarsvið er með samning við Fjölsmiðjuna.

² Grettistak er fyrir fólk sem hefur glímt við langvarandi áfengis- og/eða vímuefnavanda, á sögu um félagslegan vanda og hefur fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu. Markmið Grettistaks er að styðja fólk til sjálfshjálpar með þátttöku þar sem er áhersla á bata, sjálfstyrkingu, aukna félagslega færni og almenna virkni í samfélaginu. Enn fremur er unnið að því að auka möguleika fólks á endurkomu á vinnumarkað og/eða í nám

³ Ella er þjónusta og ráðgjöf fyrir unga einstæða foreldra sem þurfa stuðning og leiðbeiningar t.d. varðandi uppeldishlutverk sitt, menntun og/eða atvinnuleit. Á meðan á stuðningi stendur fá foreldrar úthlutaðu félagslegu leiguhúsnæði.

⁴ Vettvangsgeðteymið kemur að virknimálum íbúa geðkjarna. Teymið veitir íbúum stuðning sem lítur að því að íbúinn geti undirbúið sig best svo líkurnar á að hann komist í vinnu eða virkniúrræðum aukist. Teymið heldur einnig utan um virkniverkefni fyrir íbúa geðkjarna t.d. ræktina í Hátúni, íþróttahúsi fatlaðra, spila hóp í Hlutverkasetri og liðveisluverkefni.



Í tillögu velferðarráðs frá 1. nóvember 2023 kemur fram að í tengslum við tillögu um áframhaldandi starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar skuli vera samráð við stýrihóp um mótun virknistefnu, skoða skuli sérstaklega samspil endurhæfingarúrræða velferðarsviðs og *hvort skoða megi að sameina alla atvinnuráðgjöf Reykjavíkur á einn stað*.

Innan Virknihúss er nú þegar hafin skoðun á samspili endurhæfingarúrræða, t.d. hefur Kvennasmiðjan sameinast Tinnu og verið er að skoða með hvaða hætti samspil IPS og AVM verði háttað.

Samkvæmt upplýsingum frá stýrihópi um mótun virknistefnu telur hópurinn mikilvægt að atvinnuráðgjöf innan Reykjavíkurborgar verði kortlögð og skoðuð heildstætt. Hugmyndir eru um að aukið samstarf milli allra aðila sem koma að atvinnuráðgjöf verði hafið sem allra fyrst og leitað verði leiða við að útfæra þá ráðgjöf svo hún skili sem mestum árangri.

Stýrihópur um framtíð Hins Hússins er jafnframt að störfum en þar er einkum verið að horfa til hvernig má bæta þjónustu við jaðarsett ungmenni með bæði opnu og sértæku frístundastarfi auk þess sem lagt er til aukið samstarf, samþætting og skýrari verkaskipting milli velferðarsviðs og Hins Hússins m.t.t ráðgjafar, virkninámskeiða og atvinnumiðlunar ungmenna á aldrinum 16-25 ára. Í því sambandi kemur til greina að endurskoða skipulag málaflokksins.

Fylgiskjöl:

Minnisblað um starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar Reykjavíkurborgar, dags. 1. nóvember 2023.

Skýrsla Atvinnu- og virknimiðlunar – samantekt á fyrra ári seinna tilraunatímabils 1. maí 2022-30. apríl 2023.

Jafnréttisskimun, dags. 21. nóvember 2023